

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/64/EB

2008/EES/73/07

frá 26. október 2005

um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika þeirra og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálanans^o ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki ⁽³⁾ skal mæla fyrir um tiltekin ákvæði til að tryggja að gerðarviðurkennd ökutæki í flokki M₁ og þau sem tilheyra flokki N₁ megi einungis setja á markað ef þau eru að lágmarki 85% endurnotanleg og/eða endurvinnanleg miðað við massa ökutækis og að lágmarki 95% endurnýtanleg og/eða endurnýtanleg miðað við massa.

2) Endurnotanleiki íhluta, endurvinnanleiki og endurnýtanleiki smíðaefnis eru stór þáttur í áætlun Bandalagsins um meðhöndlun úrgangs. Því skal þess krafist af framleiðendum og birgjum þeirra að tekið sé tillit til þessara þátta við þróun nýrra ökutækja til að greiða fyrir meðhöndlun ökutækja þegar þau eru úr sér gengin.

3) Þessi tilskipun er ein sértilskipana innan ramma heildargerðarviðurkenningarkerfis Bandalagsins sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽⁴⁾.

4) Heildargerðarviðurkenningarkerfið er sem stendur skyldubundið fyrir ökutæki sem tilheyra flokki M₁ og verður víkkað út í náinni framtíð þannig að það taki til allra flokka ökutækja. Því er nauðsynlegt að fella inn í heildargerðarviðurkenningarkerfið þær ráðstafanir er varða endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika ökutækja.

5) Í samræmi við það er nauðsynlegt að mæla fyrir um ákvæði til að taka tillit til þess að ökutæki í flokki N₁ falla ekki enn undir heildargerðarviðurkenningarkerfið.

6) Framleiðandinn skal láta viðurkenningaryfirvaldinu í té allar tæknilegar upplýsingar að því er varðar smíðaeefni og massa þeirra hvers um sig til að kleift sé að sannprófa útreikninga framleiðanda í samræmi við ISO-staðal 22628:2002.

7) Einungis er hægt að fullgilda útreikninga framleiðanda á viðeigandi hátt þegar ökutækið er gerðarviðurkennt ef framleiðandinn hefur innleitt fullnægjandi fyrirkomulag og aðferðir til að vinna með allar þær upplýsingar sem hann fær frá birgjum sínum. Áður en gerðarviðurkenning er veitt ber þar til bæra aðilanum að framkvæma forkönnun á þessu fyrirkomulagi og aðferðum og skal gefa út vottorð sem gefur til kynna að þau séu fullnægjandi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 10. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 19.10.2006, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 74, 23.3.2005, bls. 15.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 14. apríl 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 6. október 2005.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun ráðsins 2005/673/EB (Stjtið. ESB L 254, 30.9.2005, bls. 69).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/49/EB (Stjtið. ESB L 194, 26.7.2005, bls. 12).

- 8) Meta skal mikilvægi mismunandi ílags við útreikninga á endurvinnanleika- og endurnýtanleikahlutföllum í samræmi við ferlið við meðhöndlun úr sér genginna ökutækja. Framleiðandinn skal því setja fram tillögu að áætlun um meðhöndlun úr sér genginna ökutækja og skal láta þar til bærum aðila í té upplýsingar um hana. Þessi áætlun skal byggjast á tækni sem hefur reynst vel og er tiltæk eða í þróun þegar sótt er um viðurkenningu fyrir ökutækið.
- 9) Ökutæki til sérstakra nota eru hönnuð til að gegna sérstöku hlutverki og þarfnast yfirbyggingar sem er útfærð með hætti sem framleiðandi hefur ekki að öllu leyti stjórn á. Þar af leiðandi er ekki unnt að reikna rétt endurvinnanleika- og endurnýtanleikahlutföll. Kröfur varðandi útreikninga skulu því ekki gilda um þessi ökutæki.
- 10) Ófullbúin ökutæki eru verulegur hluti ökutækja í flokki N₁. Framleiðandi grunnökutækisins er ekki í aðstöðu til að reikna endurvinnanleika- og endurnýtanleikahlutföll fyrir fullbúin ökutæki í áföngum vegna þess að gögn um síðari stig smíðinnar eru ekki tiltæk á hönnunarstigi grunnökutækisins. Því er rétt að krefjast þess að einungis grunnökutækið uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar.
- 11) Markaðshlutdeild ökutækja, sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum, er mjög takmörkuð þannig að ávinningurinn fyrir umhverfið er lítill ef þau þurfa að uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar. Því er rétt að undanskilja þau frá tilteknum ákvæðum þessarar tilskipunar.
- 12) Í samræmi við tilskipun 2003/53/EB skal grípa til viðeigandi ráðstafana í þágu umferðaröryggis og umhverfisverndar til að koma í veg fyrir endurnotkun á tilteknum íhlutum sem teknir hafa verið úr úr gegnum ökutækjum. Slíkar ráðstafanir skulu takmarkast við endurnotkun hluta við smíði nýrra ökutækja.
- 13) Ákvæðin, sem sett eru fram í þessari tilskipun, skylda framleiðendur til að láta í té ný gögn um gerðarviðurkenningu og þessar upplýsingar skulu því koma fram í tilskipun 70/156/EBE þar sem tekin er saman tæmandi skrá yfir gögn sem leggja þarf fram við gerðarviðurkenningu. Nauðsynlegt er því að breyta þeirri tilskipun til samræmis við það.
- 14) Þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir aðlögun þessarar tilskipunar að framförum á sviði vísinda og tækni, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 70/156/EBE.
- 15) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar nægilega vel hvert fyrir sig, þ.e. að draga úr áhrifum úr sér genginna ökutækja á umhverfið með því að krefjast þess að ökutæki séu hönnuð frá hugmyndastiginu með það í huga að auðvelda endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu og þar eð þessum markmiðum verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs þeirra, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.
- 16) Í samræmi við 34. lið samstarfssamnings um betri lagasetningu⁽¹⁾, munu aðildarríkin verða hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að semja og birta eigin yfirlit sem, eftir því sem kostur er, sýna samsörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um stjórnsýsluákvæði og tæknileg ákvæði vegna gerðarviðurkenningar ökutækja sem fjallað er um í 2. gr. með það í huga að tryggja að hægt sé að endurnota, endurvinna og endurnýta íhluti þeirra og smíðaeefni í þeim lágmarkshundraðshlutum sem settir eru fram í I. viðauka. Í henni er mælt fyrir um sérstök ákvæði til að tryggja að endurnotkun á íhlutum skapi hvorki öryggis- né umhverfishættu.

2. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun gildir um ökutæki í flokkunum M₁ og N₁ eins og þeir eru skilgreindir í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE og um nýja eða endurnotaða íhluti slíkra ökutækja.

⁽¹⁾ Stjóttíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

3. gr.

Undanþágur

Með fyrirvara um beitingu ákvæða 7. gr. gildir þessi tilskipun ekki um:

- a) ökutæki til sérstakra nota eins og þau eru skilgreind í A-hluta, 5. lið II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE,
- b) ökutæki smíðuð í mörgum þrepum sem tilheyra flokki N_1 , að því tilskildu að grunnökutækið uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar,
- c) ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum sem um getur í a-lið 2. mgr. 8. gr. í tilskipun 70/156/EBE.

4. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „ökutæki“: vélknúid ökutæki,
2. „íhlutur“: allir hlutir eða samstæða hluta sem settir eru í ökutæki þegar það er framleitt. Hann tekur einnig til íhluta og aðskilinna tæknieininga eins og þau eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE,
3. „gerð ökutækis“: gerð ökutækis eins og það er skilgreint í B-hluta, 1. og 3. lið II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE,
4. „úr sér gengið ökutæki“: ökutæki eins og það er skilgreint í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2000/53/EBE,
5. „viðmiðunarökutæki“: sú útgáfa af gerð ökutækis sem viðurkenningaryfirvöld, í samráði við framleiðandann og í samræmi við þær viðmiðanir sem mælt er fyrir um í I. viðauka, hafa tilgreint að sé vandmeðförmust með tilliti til endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika,
6. „ökutæki smíðað í mörgum þrepum“: ökutæki sem verður til eftir fjölþrepasmíðaferli,
7. „grunnökutæki“: ökutæki eins og það er skilgreint í fjórða undirlið 2. gr. í tilskipun 70/156/EBE sem notað er við upphafsþrep fjölþrepa smíði,

8. „fjölþrepasmíði“: framleiðsluferli ökutækis sem er framleitt í nokkrum þrepum með því að bæta íhlutum við grunnökutæki eða með því að breyta þessum íhlutum,
9. „endurnotkun“: endurnotkun eins og hún er skilgreind í 6. lið 2. gr. tilskipunar 2000/53/EB,
10. „endurvinnsla“: endurvinnsla eins og hún er skilgreind í fyrsta málslið í 7. lið í 2. gr. tilskipunar 2000/53/EB,
11. „endurnýting orku“: endurnýting orku eins og hún er skilgreind í öðrum málslið í 7. lið í 2. gr. tilskipunar 2000/53/EB,
12. „endurnýting“: endurnýting eins og hún er skilgreind í 8. lið 2. gr. tilskipunar 2000/53/EB,
13. „endurnotanleiki“: möguleikinn að endurnota íhluti sem fengnir eru úr sér gengnu ökutæki,
14. „endurvinnanleiki“: möguleikinn að endurvinnna íhluti eða smíðaeefni sem fengið er úr sér gengnu ökutæki,
15. „endurnýtanleiki“: möguleikinn að endurnýta íhluti eða smíðaeefni sem fengið er úr sér gengnu ökutæki,
16. „endurvinnanleikahlutfall ökutækis (R_{cyc})“: hundraðshluti af massa nýs ökutækis sem hugsanlega er hægt að endurnota og endurvinnna,
17. „endurnýtanleikahlutfall ökutækis (R_{cov})“: hundraðshluti af massa nýs ökutækis sem hugsanlega er hægt að endurnota og endurnýta,
18. „áætlun“: víðtæk áætlun um samræmdar aðgerðir og tæknilegar ráðstafanir sem grípa skal til við sundurhlutun, tætingu eða svipuð ferli, endurvinnslu og endurnýtingu smíðaefnanna til að tryggja að hægt sé að ná því endurvinnanleika- og endurnýtanleikahlutfalli sem stefnt er að á þróunarstigi ökutækisins,
19. „massi“: massi ökutækis sem er tilbúid til aksturs eins og skilgreint er í lið 2.6 í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, en að undanskildum öikumanninum, en massi hans er áætlaður 75 kg,

20. „þar til bær aðili“: stofnun, þ.e. tækniþjónusta eða annar starfandi aðili sem aðildarríki hefur tilkynnt um að framkvæmi forkönnun á framleiðandanum og gefi út samræmisskírteini í samræmi við forskriftir þessarar tilskipunar. Þar til bæri aðilinn getur verið gerðarviðurkenningaryfirvald, að því tilskildu að skjalfest sé með réttum hætti að það sé þar til bært á þessu sviði.

5. gr.

Ákvæði um gerðarviðurkenningu

1. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, veita EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu með tilliti til endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika, einungis þeim gerðum ökutækja sem uppfylla kröfur þessarar tilskipunar.

2. Vegna beitingar á 1. mgr. skal framleiðandinn láta viðurkenningaryfirvaldinu í té ítarlegar tækniupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma þá útreikninga og þær athuganir sem um getur í I. viðauka um eðli smíðaefnanna sem notuð eru við smíði ökutækisins og íhluta þess. Í tilvikum þar sem sýnt er fram á að um slíkar upplýsingar falli undir hugverkarétt eða feli í sér tiltekna verkunnáttu framleiðandans eða birgja hans skulu framleiðandinn eða birgjar hans láta í té nægilegar upplýsingar til að hægt sé að gera þessa útreikninga á réttan hátt.

3. Með tilliti til endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika skulu aðildarríkin tryggja að framleiðandinn noti fyrirmyndina að upplýsingaskjalinu sem sett er fram í II. viðauka við þessa tilskipun þegar lögð er fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki skv. 1. mgr. 3. gr. í tilskipun 70/156/EBE.

4. Þegar EB-gerðarviðurkenning er veitt skv. 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið nota fyrirmyndina að EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu sem sett er fram í III. viðauka við þessa tilskipun.

6. gr.

Forkönnun á framleiðandanum

1. Aðildarríkin skulu ekki veita gerðarviðurkenningu án þess að tryggja áður að framleiðandinn hafi innleitt fullnægjandi fyrirkomulag og verklag í samræmi við 3. lið í IV. viðauka til að stjórna með réttum hætti þeim þáttum er lúta að endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika og fjallað er um í þessari tilskipun. Þegar þessi forkönnun hefur farið fram skal vottorð, sem nefnist „Skírteini um samræmi við IV. viðauka“ (hér á eftir nefnt samræmisskírteini), veitt framleiðandanum.

2. Innan ramma forkönnunar á framleiðandanum skulu aðildarríkin tryggja að smíðaefnin, sem notuð eru til smíði á gerð ökutækis, uppfylli ákvæði a-liðar 2. mgr. 4. gr. í tilskipun 2000/53/EB.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við aðferðina sem um getur í 9. gr., setja ítarlegar reglur sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að farið sé að þessu ákvæði.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal framleiðandinn mæla með áætlun til að tryggja sundurhlutun og endurnotkun íhluta og endurvinnslu og endurnýtingu smíðaefna. Áætlunin skal taka tillit til tækni sem er fyrir hendi og hefur sannað gildi sitt eða er í þróun þegar sótt er um gerðarviðurkenningu ökutækis.

4. Aðildarríkin skulu tilnefna þar til bæran aðila í samræmi við 2. lið í IV. viðauka til að framkvæma forkönnun á framleiðandanum og til að gefa út samræmisskírteinið.

5. Í samræmisskírteininu skulu vera viðeigandi gögn og lýsing á þeirri áætlun sem framleiðandinn mælir með. Þar til bæri aðilinn skal nota fyrirmyndina sem sett er fram í viðbætinum við IV. viðauka.

6. Samræmisskírteinið skal vera í gildi eigi skemur en í tvö ár frá því að það var afhent og þar til nýjar athuganir þurfa að fara fram.

7. Framleiðandinn skal upplýsa þar til bæra aðilann um allar verulegar breytingar sem gætu haft áhrif á það hvort samræmisskírteinið eigi við. Að höfðu samráði við framleiðandann skal þar til bæri aðilinn ákveða hvort nýjar athuganir séu nauðsynlegar.

8. Í lok gildistímabils samræmisskírteinisins skal þar til bæri aðilinn, eftir því sem við á, gefa út nýtt samræmisskírteini eða framlengja gildistíma þess um önnur tvö ár. Þar til bæri aðilinn skal gefa út nýtt skírteini í þeim tilvikum þegar athygli þar til bæra aðilans hefur verið vakin á verulegum breytingum.

7. gr.

Endurnotkun íhluta

Íhlutimir, sem tilgreindir eru í V. viðauka, skulu:

- a) teljast óendurnotanlegir til að reikna út endurvinnanleika- og endurnýtanleikahlutföllin,
- b) ekki endurnotaðir við smíði á ökutækjum sem falla undir tilskipun 70/156/EBE.

8. gr.

Breytingar á tilskipun 70/156/EBE

Tilskipun 70/156/EBE er breytt í samræmi við VI. viðauka við þessa tilskipun.

9. gr.

Breytingar

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja breytingar á þessari tilskipun, sem eru nauðsynlegar til að aðlaga hana framförum á sviði vísinda og tækni, í samræmi við þá málsmeðferð í stjórnáslunni sem um getur í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 70/156/EBE.

10. gr.

Dagsetningar um framkvæmd fyrir gerðarviðurkenningu

1. Frá og með 15. desember 2006 skulu aðildarríkin með tilliti til gerðar ökutækis, sem er í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar, ekki:

- a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu,
- b) banna að ný ökutæki séu skráð, seld eða tekin í notkun.

2. Frá og með 15. desember 2008 skulu aðildarríkin með tilliti til gerðar ökutækis sem er ekki í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar:

- a) synja um EB-gerðarviðurkenningu,
- b) synja um landsbundna gerðarviðurkenningu.

3. Frá og með 15. júlí 2010 skulu aðildarríkin, ef kröfur þessarar tilskipunar hafa ekki verið uppfylltar:

- a) líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. í tilskipun 70/156/EBE,
- b) neita að skrá, selja eða taka í notkun ný ökutæki, nema þegar b-liður 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE gildir.

4. Ákvæði 7. gr. gilda frá og með 15. desember 2006.

11. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. desember 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 15. desember 2006.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

12. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

13. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 26. október 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ALEXANDER

forseti.

*VIÐAUKI***SKRÁ YFIR VIÐAUKA**

- I. viðauki: Kröfur
 - II. viðauki: Upplýsingaskjal fyrir EB-gerðarviðurkenningu ökutækis
 - III. viðauki: Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði
 - IV. viðauki: Forkönnun á framleiðandanum
 - Viðbætur: Fyrirmynd að samræmisskírteininu
 - V. viðauki: Íhlutir sem teljast ekki vera hæfir til endurnotkunar
 - VI. viðauki: Breytingar á tilskipun 70/156/EBE
-

I. VIÐAUKI

KRÖFUR

1. Ökutæki sem tilheyrir flokki M₁ og þau sem tilheyrir flokki N₁ skulu smíðuð þannig að þau séu:

— endurnotanleg og/eða endurvinnanleg að lágmarki 85% miðað við massa, og

— endurnotanleg og/eða endurnýtanleg að lágmarki 95% miðað við massa, eins og það er ákvarðað með aðferðunum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

2. Að því er varðar gerðarviðurkenningu skal framleiðandinn leggja fram gagnakynningareyðublað rétt útfyllt, sem ákvarðað er í samræmi við viðauka A við ISO-staðal 22628:2002.

Á því skal vera sundurliðun á smíðaeftunum.

Því skal fylgja listi yfir sundurhlutaða íhluti, sem framleiðandinn tilgreinir með tilliti til þess á hvaða stigi sundurhlutunin er og ferlanna sem hann mælir með um meðhöndlun þeirra.

3. Að því er varðar beitingu 1. og 2. liðar skal framleiðandinn sýna fram á, svo viðurkenningaryfirvaldinu þyki fullnægjandi, að viðmiðunarökutækið uppfylli kröfurnar. Reikniaðferðin, sem mælt er fyrir um í viðauka B við ISO-staðal 22628:2002, gildir.

Framleiðandinn verður hins vegar að vera í aðstöðu til að sýna fram á að allar útgáfur ökutækjagerðarinnar uppfylli kröfur þessarar tilskipunar.

4. Við val á viðmiðunarökutækjum skal taka tillit til eftirfarandi viðmiðana:

— gerðar yfirbyggingar,

— búnaðarstigs sem stendur til boða ⁽¹⁾,

— valkvæðs búnaðar sem stendur til boða ⁽¹⁾ og hægt er að koma fyrir á ábyrgð framleiðanda.

5. Ef gerðarviðurkenningaryfirvald og framleiðandi geta ekki í sameiningu tilgreint vandmeðförmustu útgáfuna innan gerðar ökutækis, með tilliti til endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika, skal velja eitt viðmiðunarökutæki innan:

a) hveirrar „gerðar yfirbyggingar“, eins og skilgreint er í 1. lið í C-hluta III. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, ef um er að ræða ökutæki í flokki M₁.

b) hveirrar „gerðar yfirbyggingar“, þ.e. sendibifreið, undirvagn með stýrishúsi, pallbill, o.s.frv. ef um er að ræða ökutæki í flokki N₁.

⁽¹⁾ Þ.e. leðuráklæði, hljóðkerfi, loftræsting, álfelgur o.s.frv.

6. Að því er útreikninga varðar skulu hjólbarðar teljast endurvinnanlegir.
 7. Massa skal gefa upp í kg með einum aukastaf. Hlutfallið skal reikna sem hundradshluta með einum aukastaf og síðan námunda á eftirfarandi hátt:
 - a) ef talan, sem kemur á eftir kommu, er á bilinu 0 til 4 er samtalan námunduð niður,
 - b) ef talan, sem kemur á eftir kommu, er á bilinu 5 til 9 er samtalan námunduð upp.
 8. Að því er varðar athugun á útreikningunum, sem um getur í þessum viðauka, skal viðurkenningaryfirvaldið tryggja að gagnaframsetningin, sem um getur í 2. lið, sé í réttu sambengi við áætlunina sem mælt er með og fylgir með í viðauka við samræmisskírteinið sem um getur í 1. mgr. 6. gr. í þessari tilskipun.
 9. Að því er varðar athugun á smíðaeftum og mössum íhluta skal framleiðandinn hafa tiltæk ökutæki og íhluti sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið telur nauðsynleg.
-

II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGASKJAL FYRIR EB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKIS

Í samræmi við I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽¹⁾ um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika

Eftirfarandi upplýsingar skal afhenda í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera liða og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum, sem varða ekki þessa tilskipun, er sleppt.

- 0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.2.0.1. Undirvagn:
- 0.2.1. Verslunarheiti ef þær upplýsingar liggja fyrir:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ^(b):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Flokkur ökutækis ^(c):
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
- 1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
- 1.2. Málsett teikning af öllu ökutækinu:
- 1.3. Fjöldi ása og hjóla:
- 1.3.1. Fjöldi og staðsetning ása með tvöföldum hjólum:

⁽¹⁾ Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera liða og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum, sem varða ekki þessa tilskipun, er sleppt.

- 1.3.3. Aflásar (fjöldi, staðsetning, samtenging):
- 1.7. Stýrishús (frambyggt eða með vélarhlíf) (²):
3. HREYFILL (³) (Ef um er að ræða ökutæki, sem getur annaðhvort gengið fyrir bensíni, dísilolíu o.s.frv., eða ásamt öðru eldsneyti, skal endurtaka liðina (⁴))
- 3.1. Framleiðandi:
- 3.2. Brunahreyfill
- 3.2.1. Sérstakar upplýsingar um hreyfil
- 3.2.1.1. Vinnsluháttur: rafkveikja/þjöppkveikja, fjörgengishreyfill/tvígengishreyfill (¹)
- 3.2.1.2. Fjöldi og fyrirkomulag strokka:
- 3.2.1.3. Slagrými hreyfils (⁵):cm³
- 3.2.2. Eldsneyti: dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas (LPG)/jarðgas (NG)/etanól (¹)
4. GÍRSKIPTING (¹)
- 4.2. Gerð (beinskipting, vökvaskipting, rafskipting o.s.frv):
- 4.5. Girkassi
- 4.5.1. Gerð (handvirkur/sjálfvirkur/samfelld, stíglaus skipting (CVT)) (¹)
- 4.9. Lás á mismunadrifi: já/nei/valkvætt (¹)
9. YFIRBYGGING
- 9.1. Gerð yfirbyggingar:
- 9.3.1. Fyrirkomulag og fjöldi dýra:
- 9.10.3. Sæti
- 9.10.3.1. Fjöldi:

(¹) Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera liða og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum, sem varða ekki þessa tilskipun, er sleppt.

15. ENDURNÓTANLEIKI, ENDURVINNANLEIKI og ENDURNÝTANLEIKI
- 15.1. Sú útgáfa sem viðmiðunarökutækið tilheyrir:
- 15.2. Massi viðmiðunarökutækisins með yfirbyggingu eða massi undirvagnsins með stýrishúsi án yfirbyggingar og/eða tengibúnaðar ef framleiðandi festir ekki yfirbyggingu og/eða tengibúnað á (með vökvum, verkfærum, varahjóli ef það fylgir) án ökumanns:
- 15.3. Massar smíðaeftna viðmiðunarökutækisins
- 15.3.1. Massi smíðaeftnis sem tekið er tillit til á formhöndlunarþrepi ([#]):
- 15.3.2. Massi smíðaeftnis sem tekið er tillit til á sundurhlutunarþrepi ([#]):
- 15.3.3. Massi smíðaeftnis sem tekið er tillit til á meðhöndlunarstigi efnisleifa sem ekki eru málmur og teljast endurvinnanlegar ([#]):
- 15.3.4. Massi smíðaeftnis, sem tekið er tillit til á meðhöndlunarstigi efnisleifa, sem ekki eru málmur og telst endunýtanlegt til orkuvinnslu ([#]):
- 15.3.5. Sundurliðun smíðaeftna:
- 15.3.6. Heildarmassi smíðaeftna sem eru endurnotanleg og/eða endurvinnanleg:
- 15.3.7. Heildarmassi smíðaeftna sem eru endurnotanleg og/eða endurnýtanleg:
- 15.4. Hlutföll:
- 15.4.1. Endurvinnanleikahlutfall „R_{rec} (%)“:
- 15.4.2. Endurnýtanleikahlutfall „R_{rec} (%)“:
-

III. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐI

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill þess yfirvalds sem veitir
EB-gerðarviðurkenninguna

Tilkynning varðandi:

- EB-gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾ fyrir gerð ökutækis
- rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- synjun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾

með tilliti til tilskipunar 2005/64/EB

EB-gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.2.1. Verslunarheiti ⁽²⁾:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

⁽¹⁾ Stríkið út það sem á ekki við.

⁽²⁾ Ef þennan lið vantar þegar EB-gerðarviðurkenningin er veitt ber að fylla hann út í síðasta lagi þegar ökutækið er sett á markað.

- 0.4. Ökutækjaflokkur ⁽¹⁾:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðu eða -verksmiðu:

[...]

II. HLUTI

1. Viðbótarupplýsingar:
- Endurvinnanleikahlutfall(-föll) viðmiðunarökutækisins(-tækjanna):
- Endurnýtanleikahlutfall(-föll) viðmiðunarökutækisins(-tækjanna):
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Tilvísunarnúmer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru):
6. Fylgiskjöl: atriðaskrá og upplýsingasafn
7. Ökutækið uppfyllir/uppfyllir ekki tæknilegar kröfur þessarar tilskipunar:

(Staður)

(Undirskrift)

(Dagsetning)

Fylgiskjöl: Upplýsingasafn.

⁽¹⁾ Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

⁽²⁾ Strikið út það sem á ekki við.

IV. VIÐAUKI

FORKÖNNUN Á FRAMLEIÐANDANUM

1. Tilgangur þessa viðauka

Í þessum viðauka er lýst forkönnuninni sem þar til bær aðili verður að láta fara fram til að tryggja að framleiðandinn hafi innleitt nauðsynlegt fyrirkomulag og aðferðir.

2. Þar til bær aðili

Þar til bær aðili skal fara að staðlinum EN 45012: 1989 eða ISO/IEC-leiðbeiningum 62: 1996 um almennar viðmiðanir fyrir vottunaraðila sem starfrækja vottun á gæðakerfum með tillit til þeirra stjórnunarkerfa sem framleiðandinn hefur tekið í notkun.

3. Eftirlit sem þar til bær aðili á að framkvæma

3.1. Þar til bæri aðilinn skal tryggja að framleiðandinn hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir til:

- a) að safna viðeigandi upplýsingum að því er varðar aðfangakeðjuna í heild, einkum eðli og massa allra smíðaeigna, sem notuð eru við smíði ökutækisins, til að gera þá útreikninga sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun,
- b) að hafa tiltæk öll önnur viðeigandi gögn um ökutækið sem útreikningaferlið útheimtir, s.s. rúmmál vökva o.s.frv.,
- c) að skoða með fullnægjandi hætti upplýsingamar sem hann fær frá birgjum,
- d) að sjá um sundurliðun smíðaeigna,
- e) að geta gert útreikninga á endurvinnanleika- og endurnýtanleikahlutföllunum í samræmi við ISO-staðal 22628:2002,
- f) að merkja íhluti sem eru gerðir úr fjölliðum og teygjuefnum í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/138/EB frá 27. febrúar 2003 um setningu kóðunarstaðla fyrir íhluti og smíðaeigni í ökutæki í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki ⁽¹⁾,
- g) að sannreyna að engin íhlutur, sem er tilgreindur í V. viðauka, sé endurnotaður við smíði nýrra ökutækja.

3.2. Framleiðandi skal láta þar til bæra aðilanum í té skjöl með öllum viðeigandi gögnum. Einkum skal skjalfesta endurvinnslu og endurnýtingu smíðaeigna með tilskildum hætti.

⁽¹⁾ Stjórn. EBL 53, 28.2.2003, bls. 58.

Viðbætur við IV. viðauka

FYRIRMYND AÐ SAMRÆMISSKÍRTEINI

SAMRÆMISSKÍRTEINI

MEÐ IV. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2005/64/EB

NR. [..... Tilvísunarnúmer]

[..... þar til bær aðili]

Vottar hér með að

(Framleiðandi):

(Heimilisfang framleiðanda):

uppfyllir ákvæði IV. viðauka við tilskipun 2005/64/EB.

Athugarnir hafa verið framkvæmdar á:

af (nafn og heimilisfang þar til bærs aðila)

Númer skýrslu:

Þetta skírteini gildir til [.....dagsetning]

Gjört í: [.....Staður]

Þann [.....Dagsetning]

[.....Undirskrift]



Fylgigögn: Lýsing á þeirri áætlun sem framleiðandi mælir með að því er varðar endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu

V. VIÐAUKI

ÍHLUTIR SEM TELJAST EKKI VERA HÆFIR TIL ENDURNOTKUNAR

1. Inngangur

Þessi viðauki fjallar um íhluti ökutækja í flokki M₁ og þeirra sem eru í flokki N₁ sem ekki má endurnota við smíði nýrra ökutækja.

2. Skrá yfir íhluti

- Allir öryggispúðar ⁽¹⁾, þ.m.t. púðar, kveikibúnaður til að fylla öryggispúða, rafstýringareiningar og nemar
- Sætisbeltasamstæður sem eru sjálfvirkar eða ekki sjálfvirkar, þ.m.t. ólar, sylgur, inndráttarbúnaður, með kveikibúnaði til að herða sætisólar
- Sæti (einungis ef öryggisbeltafestingarnar og/eða öryggispúðar eru hluti af sætinu)
- Stýrslæsingarsamstæður sem virka á stýrissúluna
- Ræsivarnarbúnaður, þ.m.t. merkissvarar og rafstýringareiningar
- Eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur (t.d. hvarfakútar, agnasiur)
- Útblásturshljóðdeyfir.

⁽¹⁾ Stýrishjólíð sjálft ef öryggispúðinn er settur inn í stýrishjólíð.

VI. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á TILSKIPUN 70/156/EBE

Tilskipun 70/156/EBE er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi liðir bætast við í I. viðauka:

„15. ENDURNÓTTANLEIKI, ENDURVINNANLEIKI og ENDURNÝTTANLEIKI

15.1. Sú útgáfa sem viðmunarökutækkið tilheyrir:

15.2. Massi viðmiðunarökutækisins með yfirbyggingu eða massi undirvagnsins með stýrishúsi án yfirbyggingar og/eða tengibúnaðar ef framleiðandi festir ekki yfirbyggingu og/eða tengibúnað á (með vökvum, verkfærum, varahjólum ef það fylgir) án ökumanns:

15.3. Massi smíðaeftna viðmiðunarökutækisins

15.3.1. Massi smíðaeftnis sem tekið er tillit til á formeðhöndlunarþrepi (##):

15.3.2. Massi smíðaeftnis sem tekið er tillit til á sundurhlutunarþrepi (##):

15.3.3. Massi smíðaeftnis sem tekið er tillit til á meðhöndlunarstigi efnisleifa sem ekki eru málmur og teljast endurvinnanlegar (##):

15.3.4. Massi smíðaeftnis, sem tekið er tillit til á meðhöndlunarstigi efnisleifa sem ekki eru málmur og telst endurnýtanlegt til orkuvinnslu (##):

15.3.5. Sundurliðun smíðaeftna:

15.3.6. Heildarmassi smíðaeftna sem eru endurnotanleg og/eða endurvinnanleg:

15.3.7. Heildarmassi smíðaeftna sem eru endurnotanleg og/eða endurnýtanleg:

15.4. Hlutföll:

15.4.1. Endurvinnanleikahlutfall „ R_{cyc} (%)“:

15.4.2. Endurnýtanleikahlutfall „ R_{cov} (%)“:

(##) Þessi hugtök eru skilgreind í ISO-staðli 22628: 2002.“

2. eftirfarandi liður er felldur inn í I. hluta IV. viðauka:

„Viðfangsefni	Númer tilskipunar	Tilvísun í Stjórnartíðindi ESB	Gildissvið										
			M ₁	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄	
59. Endurvinnanleiki	2005/64/EB	L 310, 25. nóvember 2005, bls. 10	X	—	—	X	—	—					“

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka:

a) eftirfarandi liður er felldur inn í 1. viðbæti:

„Liður	Viðfangsefni	Númer tilskipunar	M ₁ ≤ 2500 (') kg	M ₁ > 2500 (') kg	M ₂	M ₃
59	Endurvinnanleiki	2005/64/EB	Á ekki við	Á ekki við	—	—“

b) eftirfarandi liður er felldur inn í 2. viðbæti:

„Liður	Viðfangsefni	Númer tilskipunar	M ₁	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄
59	Endurvinnanleiki	2005/64/EB	Á ekki við	—	—	Á ekki við	—	—	—	—	—	—“

c) eftirfarandi liður er felldur inn í 3. viðbæti:

„Liður	Viðfangsefni	Númer tilskipunar	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄
59	Endurvinnanleiki	2005/64/EB	—	—	Á ekki við	—	—	—	—	—	—“